



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 30. maí 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (Samræmd könnunarpróf). Þingskjal 820 – 579. mál. 152. Löggjafarþing 2021-2022.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (Samræmd könnunarpróf).

Barnaheill þakka fyrir boð um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Barnaheill fagna tillögu þeirri um breytingu á lögum sem í frumvarpinu birtist og leggja jafnframt til að samræmd könnunarpróf verði endurskoðuð til framtíðar, ekki síst er varðar börn í 4. og 7. bekk.

Samræmd próf þjóna ekki hagsmunum barna að mati Barnaheilla og eru auka álag á þau.

Prófin samrýmast ekki þeirri sýn að nám skuli vera á forsendum barnanna sjálfra og að hugað skuli að velferð þeirra í hvívetna.

Stöðluð próf sem þessi eru ekki í anda skóla án aðgreiningar, skóla fyrir alla. Barnaheill leggja til að hætt verði með öllu að leggja fyrir samræmd könnunarpróf fyrir 4. og 7. bekk.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á jafnan rétt allra barna til náms og tækifæra til að þroskast á besta mögulega hátt og efla hæfileika sína og styrkleika í námi.